

Gudbjörn Jónsson



Heilbrigðisráðherra,
Hr. Kristján Þór Júlíusson

Reykjavík 30. maí 2013

Ég vil byrja á því að óska þér til hamingju með starfið og óska þér velgengni í öllum þínum vandasömu úrlausnarmálum sem óhjákvæmilega bíða þín.

Ég hefði gjarnan viljað hafa meira svigrúm vegna þessa erindis míns, en þar sem ég hef ekki fengið neina úrlausn erindis míns hjá sjúkratryggingum (Steingrímur Ari t. d. neitað að veita mér áheyrn) og aðrar tilraunir ekki skilað árangri, er ég kominn í hreina neyðarstöðu.

Ég er einn þeirra sem lífsnauðsynlega þarf að taka lyf 6 sinnum á sólahring vegna Parkinsonsjúkdóms, auk þess þarf ég, vegna sjóslyss sem ég varð fyrir 1970, að taka reglulega inn hormónalyf til að húð mín og bein leysist ekki upp. Þessi lyfjanotkun mín er ekki valkvæð því ég held hvorki lífi né heilsu án þess að taka þessu umræddu lyf reglulega.

Ég talaði í dag við mann að nafni Einar Magnússon, í ráðuneytinu hjá ykkur. Sagði hann mér að lyfjaskírteini það sem ég hef haft, upp á frí lyf vegna framangreindra sjúkdóma, ætti að vera í fullu gildi. Svo reyndist þó ekki vera þegar ég kom út í apótek til að sækja Parkinsonlyfin. Þá var ég krafinn um kr. 30.000 fyrir lyfjaskammt til þriggja mánaða.

Málið er hins vegar að þessa peninga á ég ekki til þar sem TR hefur svindlað á lífeyri mínum allt frá upphafi skráningar örorku minnar árið 2005. Þá þætti hefur starfsfólk TR ekki treyst sér til að ræða við mig og er ég nú búinn að bíða í hart nær eitt ár eftir að forstjóri TR verði við ósk minni um að funda með mér um þessi málefni. Samkvæmt mínum útreikningum skuldar TR mér nálægt fjórum milljónum fyrir tímabilið apríl 2005 til 1. des. 2012, vegna rangra vinnubragða TR við framkvæmd lífeyrisgreiðslna.

En nóg um þessa þætti nú. Staða mín er sú að ég á að taka parkinsonlyf kl. 05:00 og 08:00 í fyrramálið, en þessi lyf á ég ekki til. Í samtali mínu við nefndan Einar Magnússon, eftir að mér var synjað um lyfin í apótekinu, hafði hann engin önnur úrræði en vísa mér á að tala aftur við starfólk Sjúkartrygginga, sem ég hafði gert áður, án árangur.

Ég þarf að taka lyf aftur kl. 11:00, kl. 14:00, kl. 17:00, kl. 20:00 og kl. 23:00. Hver lyfjaskammtur sem ég verð af hefur verulega truflandi áhrif á heilsu mína. Til að reyna að fyrirbyggja að ég geti ekki haldið efnisþræði í viðræðum, sagði ég nefndum Einari að ég kæmi niður í ráðuneyti kl. 09:00 í fyrramálið, föstudaginn 31. maí 2013, með þá von í brjósti að ég gæti verið búinn að fá lyfin mín áður en ég þarf að taka skammtinn kl. 11:00.

Ég veit að ég er að leggja þunga byrði á þig vegna vanhugsaðra aðgerða síðustu ríkisstjórnar. En ég tel mig í fullum rétti, samkvæmt Mannréttindayfirlýsinar Sameinuðu þjóðanna, en þar segir svo í 2. gr.:

“Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.”

Réttindin felast ekki síst í ákvæði 3. gr. en þar segir svo:

“Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.”

Varla verður þetta nú skírar orðað. Þetta skíra ákvæði er einnig tiltekið í 1. tölulið 2. gr. I. kafla. [Réttindi og frelsi] í Fylgiskjali.¹⁾ við Mannréttindasáttmála Evrópu, en þar segir svo:

“Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.”

Þarna er líka kveðið svo skírt að orði að engar túlkunar er þörf. Til áréttingar þessum mikilvægu mannréttindum er ákvæði 76. gr. stjórnarskrár okkar, en þar segir eftirfarandi:

“Öllum sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.”

Í ljósi þessa ákvæðis sem hefur verið í lögum nr. 112/2008, **(og er enn 30. maí 2013, samkv. lagasafni Alþingis)** er eftirfarandi ákvæði í 6. tölulið 29. gr. þeirra laga.

“6. Lyf, sbr. 25. gr. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri.”

Fyrirverandi ríkisstjórn ætlaði sér, með lögum nr. 45/2012, að breyta þessu ákvæði 6. töluliðar 29. gr. laga nr. 112/2008, þó þessi ákvæði séu bein tilvísun í 76. gr. stjórnarskrár, framangreind ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu og einnig framangreind ákvæði Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Lög nr. 45/2012 hafa hins vegar aldrei verið færð inn í lagasafn Alþingis og þau ákvæði sem þar eru tilgreind aldrei verið færð inn í viðkomandi lög til breytinga á þeim, t. d. eins og 6. tölulið 29. gr. laga nr. 112/2008.

Af þessu tilefni hlýtur að vakna spurning um hvort sjálft Alþingi geti verið ábyrgðarlaust gagnvart sínu eigin lagasafni, sem birt er á heimasíðu þess? Lagasafn Alþingis er eini staðurinn þar sem almenningi er opin aðgangur að lögum landsins, eins og þau eru á hverjum tíma. Ef Alþingi telur alþýðu manna skylt að fara eftir ákvörðunum þess, er þá ástæða til að gera minni kröfur til Alþingis en opinberra stofnana í samfélagi okkar, varðandi birtingu á þeim reglum sem alþýða manna skal fara eftir?

Ég tel að stjórnvöldum sé algjörlega óheimilt að framfylgja lögum sem aldrei hafa verið færð inn í lagasafn Alþingis og því aldrei sannanlega birt almenningi í því safni laga sem ALÞINGI SJÁLFT, kallar, á heimasíðu sinni, **Lagasafn Alþingis**. ÞAÐ LAGASAFN hlýtur að vera þau lög sem hægt er að framfylgja gagnvart almenningi. Að stjórnvöld gangi í framkvæmd sinni þvert gegn lögum sem birt eru í lagasagni Alþingis, er í hrópandi mótsögn við upplýst lýðveldis- og lýðræðissamfélag.

Ég get ekki annað en bundið von mína við að ég fái, með komu minni í ráðuneytið föstudaginn 31. maí, yfirlýsingu um að ég fái lyfin mín áfram án endurgjalds, eins og ákvæði Mannréttindayfirlýsinga Sameinuðriþjóðanna, Mannréttindasáttmáli Evrópu og Stjórnarskrá Íslands kveða skírt á um að ég skuli fá, þar sem þessi lyf eru mér lífsnauðsynleg og ég sjúkur maður á áttæðis aldri, sem þó hefur greitt sína skatta og skyldur alla ævi, eða frá 15 ára aldri.

Hef þetta ekki lengra að þessu sinni, en leyfi mér að treysta á heilbrigða dómgreind þína og mannvirðingu.

Með bestu kveðjum

Guðbjörn Jónsson